



Reykjavík 25. september 2020

Kæra samstarfsfólk!

Enn á ný þurfum við að taka stöðuna vegna heimsfaraldursins. Sem fyrr gilda reglur sóttvarnaryfirvalda. Þær eru í dag:

Hámark fjölda þeirra sem saman mega koma er 200 manns.

1 metri á milli einstaklinga.

Andlitsgrímur í mannfjölda, einkum þar sem ekki er hægt að tryggja 1 metra regluna.

Handsóttthreinsir við innganga og í grennd við yfirborð sem margir snerta, s.s. þar sem sálmabækur og messuskrár eru.

Allt starf og allar athafnir í kirkjunum taka mið af þessu. Þau börn sem fædd eru árið 2005 og síðar eru undanskilin þessum reglum en hvatt er til þess að virða þær í æskulýðs-, fermingar- og barnastarfi kirkjunnar.

Alltaf gildir að prestar og starfsmenn kirkjunnar mega alls ekki koma í kirkjuna ef einhver flensueinkenni eru til staðar. Sama á við um alla kirkjugesti.

Varðandi sakramenti kirkjunnar skal eftirfarandi tekið fram:

- Sérbikarar eins og þeir sem teknir voru upp hér á Íslandi í kjölfar spönsku veikinnar eru enn víða til á kirkjunum og má nota í fámennum altarisgöngum. Kenningarlega og guðfræðilega er ekkert í vegi fyrir því að **útdeila einungis brauðinu**, þar sem gjöf sakramentisins er öll í hvoru efnanna fyrir sig, brauði og eða víni. Þess vegna er eðlilegt að sleppa víninu í útdeilingunni þó að prestur helgi bæði brauð og vín í athöfninni sjálfri til þess að kvöldmáltíðin haldi sínu fullkomna gildi. Eins metra reglan gildir á milli þeirra sem neyta sakramentisins.
- **Við skírn** gætir prestur að eigin heilsu áður en athöfn hefst og sprittar hendur sínar fyrir og eftir athöfn. Heldur 1 metra nándarmörkum þar til vatni er ausið. Ekki skal leggja hönd á enni og brjóst barns eða höfuð þegar það er signt og blessað heldur halda hönd yfir barninu.

Þetta ár hefur verið erfitt fyrir marga og margt fleira gengið á en covid 19. Margir hafa áhyggjur á þessum krepputímum. Fólk hefur áhyggjur af þróun mála, efnahagnum, atvinnuhorfum, þeim sem lítið hafa handa í milli og eiga ekki sterkt bakland. Af börnum sem búa við erfið kjör. Af heimilisofbeldi sem aukist hefur til muna. Nú fer líka í hönd erfiður tími fyrir marga þegar kuldi og myrkur sækja á. Við þurfum því sem aldrei fyrr á uppörvun

og handleiðslu að halda. Orð Páls postula til Tímóteusar eru uppörvandi í þessum aðstæðum:  
„Því að ekki gaf Guð okkur anda hugleysis heldur anda máttar og kærleiks og stillingar“.

Guð gefi ykkur náð sína í þjónustunni á þessum krefjandi tímum.

Með bæn um blessun Guðs í lífi og þjónustu,



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.